



EFNI:

Umfang og þróun
áfengisneyslu
Íslendinga

bls.
1

Ritstjórn

Sigríður Haraldsdóttir
sviðsstjóri, ábm.

Jónína M. Guðnadóttir

Ritstjóri

Hildur Björk Sigbjörnsdóttir

EMBÆTTI LANDLÆKNIS HEILBRIGÐISUPPLÝSINGAR

Barónsstíg 47
101 Reykjavík
Sími: 510 1900
Bréfasími: 510 1919

Netfang: mottaka@landlaeknir.is
Veffang: www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa
fréttabréfs, sé heimildar getið.


UMFANG OG ÞRÓUN ÁFENGISNEYSLU ÍSLENDINGA

Í Talnabrunni er að þessu sinni skoðuð breyting á áfengisneyslu Íslendinga á aldrinum 18–79 ára og stuðst við gögn úr rannsókninni *Heilsa og líðan Íslendinga* frá árunum 2007, 2009 og 2012. Sérstaklega er skoðuð áfengisneysla einu sinni í mánuði eða oftari og ölvunardrykkja einu sinni eða oftari í mánuði á síðustu 12 mánuðum. Gögnin eru greind eftir kyni og aldri svarenda og skoðuð breyting milli ára. Frekari upplýsingar um rannsóknina *Heilsa og líðan Íslendinga* má nálgast á vef [Embættis landlæknis](#).

Heildarsala áfengis

Markmið með mælingum á áfengisneyslu þjóða er að fá mynd af heildarneyslu og neyslumynstri áfengis, m.a. í þeim tilgangi að

nýta í forvarnarstarfi. Heildarneysla áfengis er að öllu jöfnu áætluð með því að leggja saman sölutölur áfengis og óskráða neyslu, þ.e. það áfengi sem er keypt erlendis, smyglað eða fengið með öðrum hætti. Af skiljanlegum ástæðum getur reynst snúid að meta umfang óskráðrar neyslu. Sölutölur eru hins vegar mældar í hreinum vínanda eða áfengislítrum og reiknaðar á hvern íbúa 15 ára og eldri. Sölutölur ásamt niðurstöðum úr spurningakönnunum gefa mynd af heildarneyslu og neyslumynstri þjóða á áfengi og gefa um leið vísbendingar um umfang þeirra skaðlegu áhrifa sem rekja má til neyslu áfengis. Áhrifin og skaðann má meðal annars sjá í fjölda tilfella langvinnra sjúkdóma sem rekja má til áfengisneyslu, s.s. skorpulífur og ýmsar



*Frá 1986–2007. Hagstofa Íslands. Byggir á sölutölum frá ÁTVR og sölutölum frá veitingahúsum.

Í þessum tölum er ekki meðtalið áfengi sem áhafnir skipa og flugvéla flytja inn í landið eða verslun í fríhöfninni.

Frá 2008: Ársskýrsla ÁTVR.

**Áfengislítrar seldir í vinnbúðum byggja á sölutölum frá ÁTVR.

Mynd 1. Heildarsala áfengis árin 1986–2014.

tegundir krabbameina. Einnig í fjölda slysa og dauðsfalla sem rekja má til neyslu áfengis.


Heildarsala áfengis er áætluð tæpir 7,2 lítrar af hreinum vínanda á íbúa (15 ára og eldri) árið 2014. Heildarsalan var nokkru meiri árið 2007, eða 7,5 lítrar af hreinum vínanda, 6,9 lítrar árið 2009 og tæplega 7 lítrar árið 2012. Inn í þessar tölur vantar óskráða neyslu eins og áður var nefnt. Leiða má líkum að því að rekja megi þann samdrátt sem varð í heildarsölu áfengis frá árinu 2007 til 2009 og 2012 til minni kaupmáttar og hækkunar á áfengisgjaldi.

Til að skoða nánar neyslumynstur Íslendinga á áfengi hafa verið greindar tvær spurningar úr könnuninni *Heilsa og líðan Íslendinga* frá árunum 2007, 2009 og 2012. Fyrri spurningin er: *Hversu oft á síðustu 12 mánuðum hefur þú drukkið minnst eitt glas af einhverjum drykk sem inniheldur áfengi?* Hin spurningin hljóðar svo: *Hversu oft, á síðustu 12 mánuðum, hefur þú drukkið á einum degi að minnsta kosti 5 áfenga drykki?*


Áfengisneysla einu sinni í mánuði eða oft

Niðurstöður rannsóknarinnar *Heilsa og líðan Íslendinga* sýna að fleiri karlar neyta áfengis einu sinni í mánuði eða oft en konur. Á þetta við um öll árin. Árið 2007 svöruðu tæplega 59% íslendinga því til að þeir hefðu drukkið að minnsta kosti eitt glas af áfengum drykk, einu sinni í mánuði eða oft á síðustu 12 mánuðum (67% karla og tæplega 51% kvenna). Hlutfallið lækkar árið 2009 í tæplega 56% (65% karla og 46% kvenna) sem gæti skýrst af efnahagsástandinu í landinu í kjölfar hrunsins. Árið 2012 hafði hlutfall þeirra sem höfðu drukkið að minnsta kosti einn áfengan drykk á mánuði hækkað í rétt rúm 56% (64% karla og 48% kvenna), sem er heldur lægra en í könnuninni árið 2007 (mynd 2).

Athyglisvert er að minni breyting er á áfengisneyslu ungra karla á aldrinum 18–34 ára og karla í elsta aldurshópnum 67–79 ára en á öðrum aldurshópum í kjölfar hrunsins. Áfengisneysla þessara aldurshópa helst nánast óbreytt öll árin en dregur þó lítillega úr tíðni í aldurshópnum 67–79 ára árið 2012 (mynd 3). Heldur færri í aldurshópnum 18–34 ára drekka einu sinni í mánuði eða oft heldur en í aldurshópnum 35–50 ára og 51–66 ára. Þó má greina mun eftir aldurshópum milli kannana. Í könnuninni 2012 hefur dregið saman með aldurshópnum 18–34 ára og 35–50 ára og munar þar mest um að karlar í eldri hópnum hafa dregið úr þessari áfengisneyslu. Þá er eftirtektarvert að konur í elstu aldurshópnum, 51–66 ára og 67–79 ára, hafa aukið áfengisdrykkju frá árinu 2007.



Mynd 2. Hlutfall karla og kvenna sem hafa drukkið að minnsta kosti eitt glas af áfengum drykk, einu sinni í mánuði eða oft á síðustu 12 mánuðum.



Mynd 3. Hlutfall karla á aldrinum 18–34 ára og 67–79 ára sem hafa drukkið að minnsta kosti eitt glas af áfengi á mánuði á síðustu 12 mánuðum.

Ölvunardrykkja á síðustu 12 mánuðum

Ölvunardrykkja er jafnan skilgreind þannig að viðkomandi hafi drukkið fimm áfenga drykki eða fleiri við sama tilefni. Ekki virðist vera mikil breyting í tíðni ölvunardrykkju (>5 drykkir) milli árana 2007, 2009 og 2012. Árið 2007 sögðust 22,7% drekka 5 áfenga drykki eða meira einu sinni í mánuði eða oftar, árið 2009 var hlutfallið 20,8% og 20,4% árið 2012.

Ölvunardrykkja er algengari meðal karla heldur en kvenna. Þannig urðu tæplega 32% karla ölvaðir einu sinni eða oftar í mánuði á móti tæplega 14% kvenna árið 2007. Árið 2009 urðu


30% karla ölvaðir á móti rúmlega 11% kvenna og árið 2012 höfðu rúmlega 27% karla orðið ölvaðir einu sinni í mánuði eða oftar á móti tæplega 14% kvenna. Fólk á aldrinum 18–34 ára drekkur sig ölvað oftar en fólk í öðrum aldurshópum. Þá verða yngri karlmenn talsvert oftar ölvaðir en eldri karlmenn (mynd 4).

Í yngsta aldurshópnum, 18–34 ára, dregur heldur saman með kynjunum þegar kemur að ölvunardrykkju einu sinni í mánuði eða oftar (mynd 5). Það skýrist af því að ungir karlar draga úr ölvunardrykkju milli kannana og hún eykst meðal ungra kvenna. Árið 2007 svöruðu um 45% karla á aldrinum 18–34 því til að þeir hefðu orðið ölvaðir einu sinni í mánuði eða oftar en hlutfallið var tæplega 35% árið 2012. Á sama tíma fjölgaði konum í þessum yngsta aldurshópi sem orðið höfðu ölvaðar einu sinni í mánuði eða oftar, úr 20% árið 2007 í tæplega 24% árið 2012.


Niðurlag

Litlar breytingar hafa orðið á áfengisneyslu frá árinu 2007 til ársins 2012. Þó má sjá örillta niðursveiflu í könnuninni árið 2009 og má ætla að um áhrif efnahagshrunsins sé að ræða. Þegar Íslendingar neyta áfengis virðast langflestir drekka 1–3 sinnum í mánuði. Helsta breytingin sem lesa má úr þessum gögnum er að árið 2009 dró úr drykkju, þ.e. fækkun meðal þeirra sem segjast hafa drukkið að minnsta kosti einn áfengan drykk einu sinni eða oftar á síðastliðnum 12 mánuðum. Minni áhrifa efnahagshrunsins virðist gæta á ölvunardrykkju, þ.e. þá sem drekka 5 eða fleiri áfenga drykki í sama skipti. Karlar drekka mun meira en konur í öllum aldurshópum. Á þetta við um öll árin. Heldur dregur saman í ölvunardrykkju milli kynjanna í yngsta aldurshópnum. Konur og eldra fólk virðist vera að auka ölvunardrykkju á meðan áfengisneysla karla í yngri hópnum virðist sveiflast lítillega eða vera stöðug.

Þessar niðurstöður eru aðeins brot af þeim fjölbreyttu greiningum sem gagnasafnið *Heilsa og líðan Íslendinga* býður uppá. Ítarlegri



Mynd 4. Hlutfall karla sem drekka 5 eða fleiri áfenga drykki einu sinni í mánuði eða oftar eftir aldurshópum.



Mynd 5. Hlutfall karla og kvenna 18–34 ára sem drekka 5 eða fleiri áfenga drykki einu sinni í mánuði eða oftar.

úrvinnslugögn um [áfengisneyslu](#) má finna á vef embættisins og þar er einnig hægt að skoða [framkvæmdaskýrslur rannsóknarinnar](#) fyrir árin 2007, 2009 og 2012. Hægt er að sækja um

aðgang að gögnum rannsóknarinnar á sérstöku [umsóknareyðublaði](#).

Sveinbjörn Kristjánsson

Rafn M. Jónsson